



## Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

**114. fundur skóla- og frístundaráðs, 22. febrúar 2017, [sjá fundargerð](#)**

2. liður

### **Ytra mat í skóla- og frístundastarfi.**

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum þakkar fyrir góða kynningu á niðurstöðum ytra mats í grunnskólum. Áheyrnarfulltrúinn telur mikilvægt að þessar vönduðu úttektir, mat á skólastarfi, nýtist til umbóta í skólastarfi og að umbótaáætlanir sem skólum er gert að skila inn verði birtar á heimasíðu skólanna og heimasíðusvæði Reykjavíkurborgar á sama hátt og matskýrslurnar sjálfar. Gott væri að einnig að birta viðmið um gæði foreldrasamstarfs á heimasíðu SFS þar sem önnur viðmið vegna mats á skólastarfi eru vistaðar.